

Erindisbréf tengiliðahóps á vegum þjóðaröryggisráðs sem falið er að rýna mögulega miðlun erlendra ríkja eða aðila þeim tengdum á „fölskum fréttum“, áróðri, lygum og undirróðri hér á landi sem miðar að því að grafa undan samfélagslegu trausti og lýðræðislegum gildum. (2023)

Með hliðsjón af markmiðum þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland, sem hefur grunnildi þjóðarinnar að leiðarljósi, lýðræði og verndun mannréttinda er tengiliðahópi á vegum þjóðaröryggisráðs falið að rýna mögulega miðlun erlendra ríkja eða aðila þeim tengdum á „fölskum fréttum“, áróðri, lygum og undirróðri hér á landi sem miðar að því að grafa undan samfélagslegu trausti og lýðræðislegum gildum.

- Hópurinn undirbúi og móti tillögur að verkefnum, sem miði að því að styrkja opna og upplýsta lýðræðislega umræðu og lýðræðislegan viðnámsþrótt gagnvart áróðursherferðum erlendra ríkja. Hópurinn standi m.a. fyrir vinnustofum og málþingum um málefnið.
- Tillögurnar taki mið af greiningum innlendra og erlendra aðila á áhættuþáttum tengdum upplýsingaóreiðu og undirróðursstarfsemi erlendra ríkja gagnvart Íslandi og öðrum ríkjum og hvernig stjórnvöld á Norðurlöndum og samstarfsríkjum á vettvangi alþjóðastofnana hafa brugðist við slíkum áskorunum.
- Í tengiliðahópnum komi saman tengiliðir frá háskólasamfélaginu, stjórnsýslunni og fjölmiðlum. Leitað verði tilnefninga frá forsætisráðuneytinu, dómsmálaráðuneytinu, utanríkisráðuneytinu, menningar- og viðskiptaráðuneytinu (nú menningar, háskóla- og nýsköpunarráðuneytinu), og háskóla- iðnaðar og nýsköpunarráðuneytinu (nú innviðaráðuneytinu), Ríkislögreglustjóra, Fjölmiðlanefnd, Fjarskiptastofu og samstarfsnefnd háskólastigsins. Ritari þjóðaröryggisráðs leiði starf tengiliðahópsins.
- Haft verði samráð eftir þörfum við innlenda og erlenda sérfræðinga og fræðimenn sem og öndvegissetrið á sviði fjölþáttaógn í Helsinki í Finnlandi og á sviði netvarna í Tallin Lettlandi.
- Jafnframt verði þess óskað að formenn þingflokka sem sæti eiga á Alþingi tilnefni tengiliði af sinni hálfu í samráðshóp er starfi með tengiliðahópnum í þeim tilgangi að tryggja gagnsæi og samráð milli þjóðaröryggisráðs og Alþingis á sviði þjóðaröryggismála og styrkja aðkomu Alþingis að þjóðaröryggismálum.
- Við vinnslu verkefnisins verði byggt virðingu fyrir tjáningarfrelsi og mannréttindum og að opin og upplýst lýðræðisleg umræða er grundvallarþáttur í lýðræðislegu stjórnaritari.